

## **Reglugerð um formannafundi Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT).**

1. Formaður skal boða til formannafundar tvisvar á ári. Að öllu jöfnu skal halda fundina í maí og nóvember.
2. Fundina skal boða með minnst mánaðar fyrirvara og dagskrárliðir kynntir eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund.
3. Formannafundur er ráðgefandi samkoma.
4. Formannafund sækja:
  - a. Formenn aðildarfélaganna KRAFT
  - b. Í forföllum formanna taka varaformenn sæti í þeirra stað. Að öðrum kosti stjórnarmenn skv. ákvörðun hlutaðeigandi stjórnar. Að auki getur formaður eða stjórn KRAFT boðið öðrum aðilum að sækja fundi ef hún telur ástæðu til.
5. Skylt er að boða til formannafundar ef helmingur formanna óskar þess skriflega.
6. Dagskrá skal vera eftirfarandi:
  - a. Fundarsetning.
  - b. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
  - c. Mál sem stjórn KRAFT leggur fyrir formannafund hverju sinni.
  - d. Önnur mál.
  - e. Fundarslit.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands þ. 22. apríl 2015